

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um afgreiðslutíma verslana
í Reykjavík o. fl. nr. 137 26. júlí 1971.

1. mgr. 11. gr. orðist svo:

Fyrir leyfi skv. 4. gr. skal greiða gjald í borgarsjóð, kr. 18 300,00 á ári. Gjald dagar eru 15. janúar og 15. júlí ár hvert. Þegar leyfisgjald er greitt fær leyfishafi greiðsluviðurkenningu, sem geyma ber á sölustað yfirvöldum til sýnis, ef óskað er.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 10. janúar 1984.

Alexander Stefánsson.

Hólfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds á Suðurnesjum fyrir árið 1984.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hunda sbr. 2. gr. a-staflið samþykktar nr. 337/1983, skal fyrir árið 1984 vera kr. 2 400.-

2. gr.

Handtökugjald samkv. 3. gr. skal vera kr. 2 000.- í fyrsta skipti, kr. 2 500.- í annað skipti og kr. 3 000.- í þriðja og síðasta skiptið.

3. gr.

Gjald daga leyfisgjalda er 1. mars.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Keflavíkur, Njarðvíkur og Grindavíkur og sveitastjórna Miðneshrepps, Gerðahrepps, Vatnsleysustrandarhrepps og Hafnahrepps, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. janúar 1984.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.